

**45. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga
og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra.
Haldinn á Stéttinni - Húsavík 9. desember 2022 kl. 12:00.**

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Hilda Jana Gísladóttir, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Þröstur Friðfinnsson og Guðjón M. Ólafsson í fjarveru Helga Einarssonar. Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

1. Fundaráætlun 2023

Lögð fram tillaga að fundaráætlun stjórnar SSNE fyrir árið 2023, en stjórnarfundir verða að jafnaði fyrsta miðvikudag í mánuði kl. 13-15.

Stjórn samþykkir framlagða tillögu með áorðnum breytingum.

2. Lokaviðburður uppbyggingarsjóðs

Lagt fram minnisblað um kosti þess og galla að hafa úthlutunarhátíð uppbyggingarsjóðs rafræna. Hildur Halldórsdóttir, verkefnastjóri sat fundinn undir þessum lið.

Stjórn SSNE samþykkir að úthlutunarhátíð uppbyggingarsjóðs verði haldin 2. febrúar n.k. í Svalbarðsstrandarhreppi. Stjórn felur framkvæmdastjóra að leggja fram fjárhags- og birtingaáætlun fyrir viðburðinn í samræmi við umræður á fundinum.

3. Dagsetning og staðsetning ársþings SSNE 2023

Rætt um dagsetningu og staðsetningu ársþings SSNE 2023.

Ársþing verður haldið 14.-15. apríl næstkomandi, staðsetning verður auglýst fljótlega.

4. Nýr samningur við Byggðastofnun og ný reikniregla

Lögð fram drög að nýjum samningi við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðapróun og ný reikniregla og skipting fjármagns fyrir árið 2023.

Lagt fram til kynningar.

5. Bókun Eyjafjarðarsveitar

Á fundi sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar þann 21. nóvember s.l. var eftirfarandi bókað um fundargerð 39. stjórnarfundar SSNE: „Sveitarstjórn minnir SSNE á nauðsyn þess að skipa jafnt í nefndir hvað varðar kynjahlutfall og svæði.“

Stjórn þakkar ábendinguna og er meðvituð um mikilvægi þess að gæta að hvoru tveggja við skipan í stjórnir og nefndir.

6. Uppbyggingarsjóður – skipting fjármagns

Rætt um fyrirkomulag komandi úthlutunar úr uppbyggingarsjóði Sóknaráætlunar Norðurlands eystra, en alls bárust 173 umsóknir í ár. Framkvæmdastjóri kynnti jafnframt niðurstöður frá aukabingi SSNE fyrir í mánuðinum.

Stjórn samþykkir að miðað verði við að 70 milljónir króna verði til úthlutunar í úthlutun uppbyggingarsjóðs Sóknaráætlunar Norðurlands eystra.

7. Uppbyggingarsjóður – nýr aðalmaður í stjórn Uppbyggingarsjóðs

Áki Guðmundsson hefur sagt sig frá störfum í stjórn Uppbyggingarsjóðs og úr fagráði umhverfismála. Skipa þarf nýjan aðalmann fram að ársfundi SSNE og er tillaga um að Sigurður Þór Guðmundsson, Langanesbyggð taki það að sér, en varafulltrúar voru forfallaðir.

Stjórn samþykkir tillöguna.

8. Staðfesting á skipan fulltrúa í Sjálfbærniáætlun Íslands

Forsætisráðuneyti óskaði eftir tilnefningum SSNE í Sjálfbærniáætlun Íslands. Stjórn fjallaði um erindið í tölvupósti og samþykkti þar að skipa Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur sem aðalfulltrúa og Smára Jónas Lúðvíksson sem varafulltrúa.

Stjórn staðfestir skipanina.

9. Fundargerðir úthlutunarnefndar og fagráða

- a. [Fundargerð 1. fundar fagráðs menningar.](#)
Lagt fram til kynningar.
- b. [Fundargerð 2. fundar fagráðs menningar.](#)
Lagt fram kynningar.

10. Frá nefndasviði og samráðsgátt

- a. [Samráðsgátt: Drög að frumvarpi um uppbyggingu og rekstur flugvalla og þjónustu við flugumferð.](#)
Framkvæmdastjóri skilaði inn umsögn fyrir hönd stjórnar sem samþykkt var í tölvupósti.

11. Efni til kynningar

- a. [Stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2022-2026.](#)
- b. [Bókun Akureyrarbæjar vegna byggðabróunar og atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni.](#)
- c. Minnisblað um svæðisáætlunarverkefni (Norðurland) frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

12. Önnur mál

- a. Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra
Framkvæmdastjóri fór yfir helstu atriði í starfsemi SSNE frá síðasta fundi stjórnar.
- b. Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar
Stjórn samþykkir að kalla saman Samráðsvettvang Sóknaráætlunar kl. 15 þriðjudaginn 20. desember næstkomandi.

Fundi slitið kl. 14.40.

